



Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi

Hvers vegna lýðheilsuvísar?

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Birting lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísam er ætlað að auðvelda heilbrigðisþjónustu og sveitarfélögum, þ.m.t. [Heilsueflandi samfélögum](#), að greina stöðuna í eigin umdæmi, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfir íbúa þannig að hægt sé að vinna með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan.

Hvað hefur áhrif á heilsu og líðan?

Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan einstaklinga og sífellt kemur betur í ljós að heilsa fólks og heilbrigði jarðarinnar helst í hendur. Góður samhljómur er þannig á milli [heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun og áhrifaþátta heilbrigðis. Sumum þáttum er ekki hægt að breyta, t.d. aldri og erfðum. Margir aðrir áhrifaþættir heilbrigðis eru hins vegar þess eðlis að hafa má áhrif á þá og stuðla þannig að bættari heilsu og vellíðan einstaklinga og minnka líkur á sjúkdómum. Má þar nefna lifnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataræði, hreyfingu og svefn og samskipti við fjölskyldu og vini. Þá geta lífsskilyrði eins og framboð, aðgengi og gæði menntunar, atvinnu, húsnæðis, heilbrigðis- og félagsþjónustu einnig haft mikil áhrif. Með því að hafa heilsu og líðan að leiðarljósi í allri stefnumótun og aðgerðum má skapa umhverfi og aðstæður, t.d. í skólum, á vinnustöðum og í samfélögum almennt, sem stuðla að betri heilsu og vellíðan allra.



Svæðisbundinn munur á heilsu

Munur á heilsu og líðan eftir svæðum er þekktur um allan heim. Til þess að draga úr þessum mun þarf að fylgjast með mælikvörðum sem gefa hann til kynna, miðla þeim áfram og styðja þannig við forgangsroðun aðgerða á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Hjá embætti landlæknis er unnið að heilsueflingu á heildrænan hátt í gegnum Heilsueflandi samfélag, Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og Heilsu-

Vesturland

Hér eru dæmi um lýðheilsuvísa þar sem tölur fyrir Vesturland eru frábrugðnar tölum fyrir landið í heild.

- Ölvunardrykkja framhaldsskólanema minni
- Nikótínþúðanotkun framhaldsskólanema minni
- Almenn hjúkrunarrými fleiri en biðlisti eftir hjúkrunarrými hefur lengst
- Gosdrykkjaneysla framhaldsskólanema meiri
- Fleiri fullorðnir sofa of stutt
- Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini minni

eflandi vinnustaði. Áhersla er lögð á að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan allra. Á grundvelli svæðisbundinna lýðheilsuvísa og Heilsueflandi samfélags geta sveitarfélög, heilbrigðisþjónusta og aðrir hagsmunaaðilar unnið markvisst saman að því að bæta heilsu og líðan allra íbúa.

Val á lýðheilsuvísam

Við val á lýðheilsuvísam er sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsueflingar og forvarna. Einnig er leitast við að velja þá þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum. Mikilvægar stefnur og aðgerðaáætlanir sem snerta lýðheilsu eru hafðar til hliðsjónar. Þar má nefna heilbrigðisstefnu til ársins 2030, stefnu um lýðheilsu og aðgerðir sem stuðla að Heilsueflandi samfélagi frá 2016, stefnu Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsu kvenna frá 2016, aðgerðaráætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna langvinnra sjúkdóma frá 2013, árlegar starfsáætlanir embættis landlæknis og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Gögn

Margvísleg gögn liggja til grundvallar útreikningum lýðheilsuvísa. Notuð eru gögn úr heilbrigðisskrám og könnunum embættis landlæknis, úr könnunum Rannsóknna og greininga, frá Hagstofu Íslands, Menntamálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingum Íslands. Birtar eru upplýsingar úr gögnum sem nýjust eru hverju sinni. Nokkrir vísar eru aðgengilegir í gagnvirku [mælaborði lýðheilsu](#).



- Heilbrigðisumdæmið er marktækt frábrugðið landinu öllu
- Heilbrigðisumdæmið er ekki marktækt frábrugðið landinu öllu
- Ekki er prófað fyrir marktækni
- | Landið allt
- Dreifing heilbrigðisumdæmanna sjö

Lýðheilsuvísir		Ár	Umdæmi	Ísland	Eining	Vesturland
Samfélag	1 Íbúa fjöldi	2020	18.750	365.270		
	2 Íbúa fjöldi (fjölgun/fækkun)	2016-20	4,7	8,9	%	
	3 Íbúar ≥ 80 ára	2020	4,2	3,5	%	
	4 Kynjahlutfall	2020	1,08	1,05	kk/kvk	
	5 Fæðingar < 20 ára	2016-20	7,0	5,5	Á 1.000	
	6 Innflytjendur	2020	14,0	16,8	%	
	7 Öryrkjar	2020	9,7	9,2	%	
	8 Fjárhagsferliðleikar	2020	12,9	12,8	%	
Lífnaðarhættir og lífan	9 Hamingja fullorðinna	2020	59,7	57,8	%	
	10 Velliðan (8-10. b.)	2021	5,8	8,3	%	
	11 Andleg heilsa góð/mjög góð, framhaldssk.	2020	49,6	45,9	%	
	12 Einmanaleiki fullorðinna	2020	12,2	11,7	%	
	13 Stuttur svefn fullorðinna	2020	30,2	24,7	%	
	14 Stuttur svefn (8.-10. b.)	2021	44,5	43,6	%	
	15 Streita fullorðinna	2020	22,2	24,8	%	
	16 Engin röskleg hreyfing, fullorðnir	2020	14,3	12,6	%	
	17 Hreyfing samkvæmt ráðleggingum (10. b.)	2021	14,6	16,2	%	
	18 Erfið hreyfing, framhaldsskólanemar	2020	51,7	53,4	%	
	19 Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna	2020	10,8	9,5	%	
	20 Gosdrykkjaneysla fullorðinna	2020	25,6	24,2	%	
	21 Gosdrykkjaneysla framhaldsskólanema	2020	26,4	19,8	%	
	22 Áhættudrykkja fullorðinna	2020	16,7	22,1	%	
Heilsa og sjúkdómar	23 Ölvunardrykkja (10. b.)	2021	5,1	6,3	%	
	24 Ölvunardrykkja framhaldsskólanema	2020	15,4	23,5	%	
	25 Reykingar fullorðinna	2020	8,6	7,3	%	
	26 Nikótínþúða notkun framhaldsskólanema	2020	18,1	22,5	%	
	27 Líkamleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2020	37,8	36,3	%	
	28 Andleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2020	28,0	28,5	%	
	29 Blóðsykurslækkandi lyf, önnur en insúlín	2020	37,7	37,8	DPD	
	30 Kransæða aðgerðir	2016-20	156,3	148,7	Á 100.000	
	31 Nýgengi krabbameina, kk	2010-19	477,3	521,4	Á 100.000	
	32 Nýgengi krabbameina, kvk	2010-19	430,5	464,4	Á 100.000	
	33 Dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma	2016-20	215,4	191,4	Á 100.000	
	34 Sýklalyfjaávisanir < 5 ára	2020	549,5	696,5	Á 1.000	
	35 COVID-19 greiningar	2020-21	1.007,9	1.469,3	Á 100.000	
	36 Bólusetning við COVID-19	2021	30,6	31,2	%	
37 Skimun fyrir leghálskrabbameini	2020	65,1	66,2	%		
38 Skimun fyrir brjóstakrabbameini	2020	56,3	61,7	%		
39 Liðskipta aðgerðir á hné	2016-20	254,2	199,6	Á 100.000		
40 Almenn hjúkrunarrými	2020	78,3	58,1	Á 1.000		
41 Biðlisti eftir hjúkrunarrými, ≥ 67 ára	2020	12,9	7,8	Á 1.000		
42 Heilsugæsluheimsóknir	2020	2,7	2,5	Á íbúa		
43 Rafræn samskipti og símtöl í heilsugæslu	2020	4,7	4,5	Á íbúa		
44 Sérfræðingsheimsóknir	2020	0,8	1,3	Á íbúa		

Skýringar

1. Hagst. 2. Hagst. 3. Hagst. 4. Hagst. 5. Fs. Fæðingar/1.000 kvk 15-19 ára. Aldursst. 6. Hagst. 7. TR. 75% örorkumat eða endurhæfingarmat, 18-66 ára. 8. Vöktun. Frekar/mjög erfið að ná endum saman. 9. Vöktun. Svára 8-10 á hamingjukvarða (1-10) 10. R&G. Skora 31-35 á SWEMWBS kvarða (7-35). 11. R&G. 12. Vöktun. Finna oft/mjög oft fyrir einmanaleika. 13. Vöktun. ≤ 6 klt/nóttu. 14. R&G. ≤ 7 klt/nóttu. 15. Vöktun. Finna oft/mjög oft fyrir mikilli streitu. 16. Vöktun. Hreyfing <15 mín/viku. 17. R&G. Hreyfing ≥60 mín./dag, 7 daga/vikunnar. 18. R&G. ≥ 3x í viku. 19. Vöktun. Borða grænmeti og ávexti ≥ 5x/dag. 20. Vöktun. Sykraðið og/eða sykurlausir ≥ daglega. 21. R&G. ≥ 4 x í viku. 22. Vöktun. AUDIT-C samreikningur eftir kyni. 23. R&G. ≥ 1x sl. mán. 24. R&G. ≥ 1x sl. mán. 25. Vöktun. Daglega. 26. R&G. ≥ 1x sl. mán. 27. Vöktun. 28. Vöktun. 29. Lgg. ATC: A10B. Aldursst. 30. Vsh. NCSP: FNC, FND, FNE, FNG02, FNG05. ≥ 15 ára. Aldursst. 31. Krs. Öll mein. Aldursst. 32. Krs. Öll mein. Aldursst. 33. Dms. ICD-10: I00-I99. Aldursst. 34. Lgg. ATC: J01. Aldursst. 35. Sss. ICD-10: U07.1. Snomed: 840533007. Aldursst. 36. Bss. Fullbólusettr. 37. LKÍ. Uppsöfnuð 3,5 ára mæting 23-65 ára. 38. LKÍ. Uppsöfnuð 2ja ára mæting 40-69 ára. 39. Vsh. NCSP: NGB, NGC. Aldursst. 40. Hrn. ≥ 67 ára. 41. Fhs. ≥ 67 ára. 42. Sh. Öll viðtöl. 43. Sh. Öll rafræn samskipti og símtöl. 44. Sfí.

Marktækt er miðuð við 95% öryggismörk (p<0,05).

Aldursstöðlun (Aldursst.) er miðuð við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014. Sama staðalþýði er notað fyrir öll heilbrigðisumdæmi, konur og karla. Tíðni sem stöðluð hefur verið á þennan hátt er túlkúð sem sú tíðni sem fengist hefði ef aldrursdreifing hvers heilbrigðisumdæmis væri sú sama og í staðalþýðinu (meðalmannfjöldinn á Íslandi árið 2014).

DPD: Skilgreindir dagskammtar fyrir hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Gögn: Bólusetningaskrá (Bss), Dánarminaskrá (Dms), Fæðingaskrá (Fs), Færni- og heilsumatsskrá (Fhs), Hagstofa Íslands (Hagst.), Heilbrigðisráðuneytið (HRN), Krabbameinsskrá (Krs), Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands (SKRÍN) (LKÍ), Lyfjagagnagrunnur (Lgg), Rannsóknir og greining (R&G), Samskiptaskrá heilsugæslustöðva (Sh), Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), Smitsjúkdómaskrá (Sss), Tryggingastofnun ríkisins (TR), Vistunarskrá heilbrigðisstofnana (Vsh), Vöktun á áhrifaþáttum heilbrigðis (Vöktun).